

Yfirkjörstjórn

Suðurkjördæmis

Ferill atkvæða sem koma til yfirkjörstjórnar.:

1. Kjörkassar koma í pokum með fylgigögnum.
2. Tveir menn frá yfirkjörstjórn taka pokana upp, áður skoði umboðsmenn innsiglin. Síðan eru fylgigögn flokkuð, stemmt af að allt sé rétt og kassinn sendur í talningu ásamt skýrslu um hve mörg atkvæði eigi að vera í kassanum. Utankjörfundaratkvæði sem fylgja með eru tekin sér og þess gætt að réttar upplýsingar um fjölda atkvæða í kassanum fari inn í talningu. Utankjörfundaratkvæði geymd sér, flokkuð eftir kjördeildum. Kassinn og pokinn vel merkt viðkomandi kjördeild. Öll gögn flokkuð og geymd sér. Kjörskrár fara allar sér, flokkaðar eftir kjördeildum.
3. Innsiglaður kjörkassinn ásamt skýrslu um fjölda atkvæða í kassanum, fer inn í talningasal.

Vinna í talningasal:

4. Innsigli kjörkassans eru til skoðunar umboðsmanna, hann er opnaður og talin atkvæðin, sem í honum eru, óopnuð. Stemmt af við skýrslu.
5. Atkvæðin sett aftur í kassa þar til talning hefst.
6. Atkvæðum er blandað saman úr kjördeildum.
7. Atkvæði eru flutt á flokkunarborð, sléttað úr þeim og þau fara í flokkun.
8. Atkvæði eru flokkuð í bunka.
 - Atkvæði greidd hverju framboði flokkuð sér.
 - Atkvæði greidd framboði með breytingu á því framboði; útstrikun eða númer.
 - Auð atkvæði
 - Atkvæði með einhverjum öðrum merkingum en greinilegu merki við einn frambjóðanda. Öll slík atkvæði fara í sérstakan bunka til skoðunar umboðsmanna frambjóðenda og ákvörðunar yfirkjörstjórnar.

Flokkunin verður því svona:

 - I. Hver listi fyrir sig, þá eingöngu atkvæði með einni, skýrri merkingu
 - II. Breytt atkvæði hvers lista fyrir sig.
 - III. Auð atkvæði.
 - IV. Vafaatkvæði.
9. Flokkun yfirfarin af öðrum talningamanni.
10. Að lokinni flokkun eru atkvæðabunkar taldir í bunt, 50 sett saman í teygju. Sá sem telur setur miða undir þar sem á stendur fjöldi atkvæða, fyrir hvaða lista og kvittar fyrir. Bunkinn er síðan talinn af öðrum talningarmanni sem kvittar einnig á miðann ef talningu ber saman, annars endurtelja báðir talningamenn bunkann.
11. Búntin flutt á sér borð, flokkuð eftir listum. Atkvæði til viðbótar við búnt einnig sett á borðið (ef fjöldi nær ekki 50)
12. Breytt atkvæði sett sér með viðkomandi lista.

13. Búntin og atkvæðin talin og skráð af yfirmanni talningar og stemmt af við fjölda atkvæða sem komu inn í talningu.
14. Þegar talningin stæmmir eru búntin og atkvæðin flutt á geymsluborð, skipt eftir listum.
15. Engin atkvæði mega flytjast á geymsluborð nema undir stjórn yfirmanns talningar að lokinni afstemmingu.

ATH: Ekki er heimilt að tala í síma í talningasal.

Sjónvarp verður í talningasal en slökkt á því meðan á talningu stendur.

Umboðsmenn taka ekki þátt í flokkun atkvæða og annarri vinnu.

Eftir að talningasal er lokað til fortalningar mega engar upplýsingar fara út úr talningasal. Því er engum heimilt að fara inn eða út úr talningasal fyrr en tölur hafa verið gerðar opinberar í gegnum fjölmiðla. Ferðir á salerni eru heimilar undir eftirliti lögreglu.

Vinnureglur við talningu:

Eitt greinilegt merki verður að vera við framboð.

Ekki skiptir máli hvort það er t.d. “kross” eða “hak”

Merki þarf ekki að hitta nákvæmlega fyrir framan nafn framboðslista.

Auðkennd atkvæði eru ógild.

Ef merki er “óvenjulegt”, svo sem broskall, fýlukall, osfrv. er um að ræða vafaatkvæði þar sem óheimilt er að auðkenna atkvæði.

Ef eitthvert merki er við fleiri en einn lista þá er atkvæðið vafaatkvæði.

Ef merki eða skrift er á bakhlið kjörseðils þá er það vafaatkvæði.

Yfirkjörstjórn skal úrskurða um öll vafaatkvæði þannig að talningafólk á ekki að taka afstöðu til þess hvort atkvæði er gilt.

Ath: Engir blýantar mega vera í talningasal.